



911. fundur stjórnar GSÍ, 28.03.2019 kl.18:00 haldinn í fundarsal GSÍ.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Kristín Guðmundsdóttir, Eggert Á. Sverrisson, Hulda Bjarnadóttir, Jón B. Stefánsson, Hansína Þorkelsdóttir, Hörður Geirsson, og Brynjar Eldon Geirsson sem ritaði fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 910. fundar var samþykkt og undirrituð

2. Tölvukerfi GSÍ, samningur við Golfbox

Haukur Örn fór ítarlega yfir lokasamningsdrög frá Golfbox sem höfðu verið send stjórnarmönnum viku fyrir fundinn. Samningurinn hefur verið undirritaður af hálfu Golfbox. Haukur fór einnig yfir drög að minnisblaði IT nefndar GSÍ. Að loknum ítarlegum umræðum um samninginn, þar sem stjórnarfolk gerði grein fyrir atkvæði sínu, samþykkti stjórn einróma að ganga til samninga við Golfbox. Þá höfðu stjórnarmennirnir Þorgerður Katrín og Gunnar, fyrir fundinn, gert grein fyrir því að þau væri samþykkt undirritun samningsins fyrir sitt leyti. Var samningurinn því næst undirritaður af forseta sambandsins, með fyrirvara um samþykki aukagolfþings, sem haldið verður 11. maí nk. Aukagolfþingið mun því hafa lokorðið um það hvort samningurinn verði samþykktur eða ekki.

Nú er unnið að því að útbúa þau þinggögn sem send verða út á hreyfinguna. Stjórn áréttaði mikilvægi þess að gögnin yrðu eins ítarleg og kostur er og þau verði send á golfklúbbana sem allra fyrst, svo hreyfingin hafi góðan tíma til að kynna sér málið fyrir aukagolfþingið.

Ýmis mál í tengslum við tölvukerfi sambandsins voru rædd í framhaldinu og þá aðallega atriði sem tengjast innleiðingu kerfisins.

3. Önnur mál

- Stefnumótun GSÍ. Stjórnarfolk var minnt á dagsetningu lokaskila nefnda, ásamt því að stýrihópur klári að undirbúa þinggögn.

Ekki voru fleiri mál tekin fyrir og fundi slitið kl. 21:15